

I. Inngangur

Á fundi utanríkismálanefndar, þriðjudaginn 6. mars 2007, með fulltrúum utanríkisráðuneytis og iðnaðarráðuneytis, um tillögu utanríkisráðherra til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2005, var óskað eftir minnisblaði um aðdraganda upptöku tilskipunar 96/92/EB í EES-samninginn, efni og beitingu undanþáguákvæða tilskipana 96/92/EB og 2003/54/EB og afstöðu iðnaðarráðuneytis til undanþáguákvæðanna. Í minnisblaði þessu er fjallað um framangreind atriði.

II. Tilskipun 96/92/EB og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/1999

1. Almennt

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 96/92/EB frá 19. desember 1996 öðlaðist gildi 19. febrúar 1997. Lagagrundvöllur tilskipunarinnar er 95. gr. Rómarsáttmálans, sem fjallar um innri markaðinn. Í tilskipuninni eru settar fram sameiginlegar reglur um framleiðslu, flutning og dreifingu rafmagns auk þess sem settar eru reglur um skipulagningu og starfsemi raforkusviðs, markaðsaðgang, viðmið og málsmeðferðarreglur við útboð og leyfisveitingu og rekstur raforkukerfa. Tilskipunin er ekki bundin við viðskipti með raforku yfir landamæri en í henni er að finna heimildir til handa framkvæmdastjórninni til að veita undanþágur vegna lítilla og einangraðra kerfa.

2. Ákvæði tilskipunar 96/92/EB um lítil og einangruð kerfi

Lítill og einangruð kerfi falla undir tilskipunina, enda eru þau skilgreind sérstaklega í 23. tölul. 2. gr., sem þau kerfi þar sem raforkunotkun er innan við 2.500 GWst. á árinu 1996 og þar sem innan við 5% af raforkunotkun er fengin um samtengingu við önnur kerfi. Árið 1996 var almenn raforkunotkun á Íslandi 2.300 GWst., töp vegna flutnings og dreifingar voru 300 GWst. og raforkunotkun stóriðju var 2.500 GWst. Heildarraforkunotkun á Íslandi árið 1996 var því um 5.100 GWst. og féll raforkukerfi Íslands því ekki undir skilgreininguna á litlum og einangruðum kerfum.

3. Undanþáguheimildir tilskipunar 96/92/EB og beiting þeirra

Í 24. gr. tilskipunarinnar er að finna ákvæði um heimildir framkvæmdastjórnarinnar til að veita undanþágur frá IV., V., VI. og VII. kafla tilskipunarinnar. Í tilskipuninni er ekki að finna heimild til að undanþiggja aðildarríki ákvæðum III. kafla tilskipunarinnar um framleiðslu raforku, heldur er í þeim kafla veitt val á milli leyfisveitingaraðferðar og/eða útboðsaðferðar.

Undanþáguheimildirnar eru tvíþættar, annars vegar möguleiki á tímabundnum undanþágum vegna skuldbindinga sem stofnað hefur verið til fyrir gildistöku tilskipunarinnar, en hins vegar möguleiki á undanþágum fyrir lítill og einangruð kerfi. Báðar þessar undanþágur eru bundnar nánar tilteknum skilyrðum sem þurfa að vera uppfyllt.

a) Undanþáguheimild vegna skuldbindinga (1. og 2. mgr. 24. gr.)

Í 1. og 2. mgr. 24. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um heimildir framkvæmdastjórnarinnar til að samþykkja tímabundið bráðabirgðafyrirkomulag, sem feli í sér undanþágur frá IV., VI. og VII. kafla tilskipunarinnar, vegna skuldbindinga sem stofnað hefur verið til áður en tilskipunin öðlaðist gildi. Í 2. mgr. 24. gr. kemur

skýrt fram að slíkt bráðabirgðafyrirkomulag skuli vera tímabundið og tengt því hvenær skuldbindingarnar renna út. Þá er kveðið á um að umsóknir um undanþágur verði að tilkynna framkvæmdastjórninni eigi síðar en ári eftir að tilskipunin öðlaðist gildi. Undanþáguheimildir á grundvelli þessarar málsgreinar takmarkast einvörðungu við ákvæði IV., VI. og VII. kafla tilskipunarinnar. Málsgreinarnar hljóða svo:

1. Aðildarríki þar sem ákvæði þessarar tilskipunar leyfa ekki að virtar séu skuldbindingar eða rekstrarábyrgðir sem gefnar voru áður en tilskipunin öðlaðist gildi geta sótt um bráðabirgðafyrirkomulag sem framkvæmdastjórnin getur leyft, meðal annars með tilliti til stærðar kerfisins, samtengingar kerfisins og skipulags raforkuiðnaðar aðildarríkisins.

Framkvæmdastjórnin tilkynnir aðildarríkjunum um slíkar umsóknir áður en hún tekur ákvörðun, að teknu tilliti til trúnaðarkröfunnar. Ákvörðunin skal birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

2. Bráðabirgðafyrirkomulagið skal vera tímabundið og tengt því hvenær skuldbindingarnar eða ábyrgðirnar sem um getur í 1. mgr. renna út. Í bráðabirgðafyrirkomulaginu geta falist undanþágur frá ákvæðum IV., VI. og VII. kafla þessarar tilskipunar. Umsóknir um bráðabirgðafyrirkomulag skal tilkynna framkvæmdastjórninni eigi síðar en ári eftir að þessi tilskipun öðlast gildi.

Ráðuneytinu er kunnugt um átta umsóknir um undanþágu á grundvelli 1. og 2. mgr. 24. gr. tilskipunarinnar, sbr. meðfylgjandi ákvarðanir 1999/791/EB (Bretland), 1999/792/EB (Frakkland), 1999/793/EB (Lúxemborg), 1999/794/EB (Þýskaland), 1999/795/EB (Austurríki), 1999/796/EB (Holland), 1999/797/EB (Spánn) og 1999/798/EB (Danmörk). Í öllum ákvörðunum er fjallað um umsóknir þessara aðildarríkja um tímabundnar undanþágur á grundvelli 1. og 2. mgr. 24. gr. tilskipunarinnar. Framkvæmdastjórnin veitti eingöngu Þýskalandi undanþágu frá 17. gr. tilskipunarinnar og þar með VII. kafla tilskipunarinnar fram til 31. desember 2003. Í öðrum ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar kemur fram að hvorki sé unnt né þörf á því að samþykkja umsóknir þar sem aðlögunarfyrirkomulag fyrirhugaðra aðgerða feli ekki í sér undanþágur frá IV., VI. og VII. kafla tilskipunarinnar eða að umsókn hafi borist eftir að umsóknarfrestur var liðinn.

b) Undanþáguheimild vegna lítilla og einangraðra kerfa (3. mgr. 24. gr.)

Í 3. mgr. 24. gr. er kveðið á um að framkvæmdastjórninni sé heimilt að veita aðildarríkjum sem sýnt geta fram á, eftir að tilskipunin hefur öðlast gildi, að umtalsverð vandkvæði séu á rekstri lítilla einangraðra kerfa undanþágu frá þeim ákvæðum IV., V., VI. og VII. kafla (rekstur flutningskerfa, rekstur dreifikerfa, aðskilnað og gagnsæi reikninga og skipulag kerfisaðgangs) sem máli skipta. Í málsgreininni er tekið fram að hún gildi einnig um Lúxemborg. Heimilt er að veita undanþágu á grundvelli þessarar greinar eftir að tilskipunin hefur öðlast gildi. Málsgreinin hljóðar svo:

3. Aðildarríki sem geta sýnt fram á, eftir að þessi tilskipun hefur öðlast gildi, að umtalsverð vandkvæði séu á rekstri lítilla einangraðra kerfa þeirra, geta sótt um undanþágur frá þeim ákvæðum IV., V., VI. og VII. kafla sem máli skipta, og er

framkvæmdastjórninni heimilt að veita þeim þessar undanþágur. Framkvæmdastjórnin tilkynnir aðildarríkjunum um þessar umsóknir áður en hún tekur ákvörðun, að teknu tilliti til trúnaðarkröfunnar. Ákvörðunin skal birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna. Þessi málsgrein gildir einnig um Lúxemborg.

Í ofangreindum ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar, nr. 1999/793/EB (Luxemborg) og 1999/797/EB (Spánn), er fjallað um umsóknir ríkjanna um undanþágur á grundvelli 3. mgr. 24. gr. tilskipunarinnar. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (39. mgr.) vegna umsóknar Lúxemborgar kemur fram að ekki sé kveðið á um neinar tímatakmarkanir vegna undanþágu skv. 3. mgr. 24. gr. og því sé eðlilegt að veita undanþágu í takmarkaðan tíma. Luxemborg geti sótt um framlengingu á undanþágunni ef ástæða þyki til. Í niðurstöðu framkvæmdastjórnarinnar varðandi umsókn Luxemborgar var veitt undanþága frá 3. mgr. 14. gr. tilskipunarinnar fram til 31. desember 2001 til handa ríkisorkufyrirtækinu Cegedel til útgáfu aðskildra efnahagsreikninga og afkomureikninga fyrir framleiðslu og dreifingu í skýringum við ársreikninga.

Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar vegna umsóknar Spánar kemur fram að hvorki sé unnt né þörf að samþykkja aðlögunarfyrirkomulag, þar sem fyrirhugaðar aðgerðir vegna lítilla og einangraðra kerfa feli ekki í sér undanþágur frá IV., V., VI. og VII. kafla tilskipunarinnar. Í ákvörðuninni (4. tölul. 30. mgr.) er útlistað á hverju ákvörðun um undanþágu byggist. Slík ákvörðun byggist á svokölluðu

Hins vegar kemur fram í ákvörðuninni (33. mgr.) að frestur skv. 2. mgr. 24. gr. tilskipunarinnar til að sækja um undanþágu á grundvelli 2. mgr. 24. gr. eigi ekki við um umsóknir um undanþágu á grundvelli 3. mgr. 24. gr.

4. IV.-VII. kafla tilskipunar 96/92/EB

Í frumvarpi því er varð að raforkulögum nr. 65/2003 er að finna eftirfarandi lýsingu á þessum köflum tilskipunarinnar:

Í 4. kafla er fjallað um rekstur flutningskerfisins. Ríkin eiga að útnefna svokallaðan ábyrgan aðila til að sjá um rekstur flutningskerfisins, tryggja nauðsynlegt viðhald þess, viðbætur við það og afhendingaröryggi. Sá aðili skal vera rekstrarlega óháður raforkuvinnslu, raforkudreifingu og annarri starfsemi sem ekki tengist flutningskerfinu með beinum hætti. Álagsstýringin á að byggjast á hlutlægum opinberum skilyrðum með það fyrir augum að tryggja skilvirkan innri markað fyrir raforku. Ríkin geta þó gert kröfur til þess að orkuvinnsla sem byggist á endurnýjanlegum orkulindum hafi forgang. Ábyrgi aðilinn má ekki mismuna aðilum og hann skal fara með allar upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna starfsemi sinnar og eru viðkvæmar sem trúnaðarmál.

Samkvæmt túlkun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins felst eftirfarandi í rekstrarlegu sjálfstæði kerfisstjóra:

- Stjórnendur kerfisstjóra mega ekki sitja í stjórn móðurfyrirtækisins eða öðru fyrirtæki sem tengist kerfisstjóranum lóðrétt.

- Tryggja þarf sjálfstæði stjórnenda kerfisstjórans þannig að einkahagsmunir hafi ekki áhrif á ákvörðunartöku þeirra. Í því sambandi er t.d. átt við starfsframa.

- Sá sem annast kerfisstjórnun má ekki vera háður öðrum deildum eða einingum fyrirtækisins varðandi viðgerðir, viðhald og þróun flutningskerfisins.

- Þagnarskylda þeirra sem koma að kerfisstjórnun varðandi viðskiptaupplýsingar sem þeir hafa vegna hlutverks kerfisstjórans.

Auk þessa þarf að tryggja bókhaldslegan aðskilnað frá áðurnefndri starfsemi og kerfi sem tryggir nauðsynlegt fjárhagslegt sjálfstæði til að flutningskerfið sé rekið á viðskiptalegum grundvelli. Í flestum ríkjum Evrópusambandsins hafa verið stofnuð sérstök fyrirtæki um flutningskerfið. Þau eru ábyrg fyrir álagsstýringu og fyrir samrekstri með öðrum flutningskerfum.

Í 5. kafla eru ákvæði um dreifingu. Ríkin eiga að útnefna aðila, einn eða fleiri, sem verða ábyrgir fyrir rekstri dreifikerfisins, viðhaldi og styrkingu. Þessir aðilar eiga að tryggja áreiðanlegan og skilvirkan rekstur kerfisins á tilteknu svæði. Þeir mega ekki viðhafa mismunun og skulu gæta trúnaðar vegna viðkvæmra upplýsinga sem þeir þurfa á að halda. Ríkin geta krafist þess að raforku sem unnin er með endurnýjanlegum orkugjöfum eða úr sorpi sé veittur forgangur. Ríkin geta jafnframt skyldað dreifiveiturnar til að afhenda rafmagn til notenda á tilteknu svæði. Setja má reglur um gjaldskrá vegna slíkrar afhendingar til að tryggja jafnræði notenda.

Í 6. kafla er fjallað um aðskilnað og gagnsæi reikninga. Fyrirtæki sem sinna vinnslu, flutningi og dreifingu skulu færa bókhald fyrir hvern þessara þátta í því skyni að koma í veg fyrir að aðilum sé mismunað og til að hindra aðgerðir sem trufla samkeppni. Ákvæði eru um að ársreikningar raforkufyrirtækja skuli gerðir með samræmdum hætti samkvæmt tilskipunum sem fjalla um gerð ársreikninga.

Í 7. kafla er fjallað um aðgang að flutnings- og dreifikerfi. Ríkin geta heimilað aðgang að flutnings- og dreifikerfi á viðskiptagrundvelli eða á grundvelli reglna sem kveða á um rétt á aðgangi gegn greiðslu gjalds sem byggist á birtri gjaldskrá. Þá geta ríkin útnefnt lögaðila, svokallaðan „eina kaupanda“ („single buyer“), sem hefði einkarétt til viðskipta með rafmagn á til teknu svæði. Ríkin eiga að sjá til þess að forgangsnotendur geti með frjálsum hætti gert samninga um orkukaup til að mæta raforkuþörf sinni af framleiðendum eða orkusölum utan þess svæðis sem kerfi viðkomandi „eina kaupanda“ nær til. Ríkin eiga að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja lágmarksopnun raforkumarkaðanna samkvæmt ofangreindum leiðum. Tilskipunin gerir ráð fyrir opnun markaðarins í áföngum. Kveðið er á um að löndin skuli opna ákveðið hlutfall raforkumarkaðar síns. Opnun í einstökum löndum miðaðist upphaflega við hlutfall notkunar þeirra sem notuðu 40GWst af raforku á ári eða meira af heildarnotkun í Evrópubandalaginu. Nú eru mörkin 20 GWst á ári en 19. febrúar 2003 lækka þau niður í 9. GWst á ári. Þó skulu allir notendur sem nota meira en 100 GWst á ári geta valið seljanda. Framkvæmdastjórnin reiknar hlutfallið út árlega. Hlutfall opunar árið 2000 var samkvæmt þessu 30% en verður u.þ.b. 35% árið 2003. Lokaákvæði eru í 8. kafla tilskipunarinnar. Þar kemur fram að ríkjunum verður heimilt að grípa til nauðsynlegra aðgerða ef upp kemur neyðarástand. Slíkar aðgerðir ber að tilkynna og skulu þær hafa í för með sér eins litla truflun á markaðinum og unnt er. Ákvæði eru um að ríkin geti sótt um tímabundinn aðlögunartíma ef þau sýna fram á að ákvæði tilskipunarinnar valdi því að ekki sé unnt að standa við rekstrarskyldur eða ábyrgðir sem gefnar hafa verið áður en hún var sett. Þá er einnig ákvæði um að hægt sé að sækja um undanþágur frá ákvæðum 4. kafla (rekstur flutningskerfa), 5. kafla (rekstur dreifkerfa), 6. kafla (aðskilnaður og gagnsæi reikninga) og 7. kafla

(skipulagning kerfisadgangs) vegna lítilla einangraðra raforkukerfa. Slík kerfi eru skilgreind þannig að raforkunotkunin sé minni en 2500 GWst á ári jafnframt því sem innan við 5% árlegrar orkunotkunar sé nætt með viðskiptum við önnur raforkukerfi. Tekið er fram að þetta ákvæði eigi jafnframt við um Lúxemborg. Raforkuvinnsla á Íslandi var 7679 GWst á árinu 2000 og fellur íslenska raforkukerfið því ekki undir þetta ákvæði, sbr. þó kafla 3.3.

5. Aðdragandi upptöku tilskipunar 96/92/EB í EES-samninginn

Tilskipunin átti sér langan aðdraganda en upphafleg tillaga var samþykkt af framkvæmdastjórninni í janúar 1992. Á tímabilinu fram að upptöku tilskipunarinnar í EES samninginn var hún ítrekað rædd á fundum vinnuhóps EFTA um orkumál, en fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar sitja óformlega fundi með vinnuhópnum, auk þess sem haldnir voru margir fundir bæði með framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og innlendum aðilum um efni tilskipunarinnar.

Í fundarfrásögn EFTA skrifstofunnar, dags. 27. nóvember 1995, kemur fram að fulltrúi Íslands hafi lýst efasemdum um að tilskipunin gæti átt við lítil og einangruð raforkukerfi. Þá hafi fulltrúinn tekið fram að Ísland myndi líklega fara fram á undanþágu eða endurskoðunarákvæði fram til þess tíma að íslenska raforkukerfið væri tengt raforkukerfi meginlandsins. Í frásögninni er haft eftir fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar að samkvæmt athugun framkvæmdastjórnarinnar krefðust lítil og einangruð kerfi ekki undanþága frá tilskipuninni. Þess vegna fengi hann ekki séð að tilskipunin skapaði nein vandamál fyrir Ísland.

Í fundarfrásögn EFTA skrifstofunnar dags. 26. janúar 1996 kemur fram að fulltrúi Íslands hafi lýst því yfir að það væri einkennilegt að ákvæði III. kafla tilskipunarinnar væru látin ná til lítilla og einangraðra kerfa. Ákvæðin gætu gert skipulag og rekstur slíkra kerfa óþarflega flókinn. Þá gagnrýndi fulltrúi Íslands m.a. skilgreiningu á litlum og einangruðum kerfum sem hann taldi of þrönga og takmarkandi. Loks gagnrýndi fulltrúi Íslands að raforkukerfi Lúxemborgar væri fellt undir lítil og einangruð kerfi. Í frásögninni er haft eftir fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar að ýmis aðildarríki deili áhyggjum Íslendinga af áhrifum tilskipunarinnar á lítil og einangruð kerfi. Hins vegar væri skilgreiningin miðuð við eyjar við Grikkland og Spán (t.d. Rhodos og Kanaríeyjar). Lúxemborg hefði verið felld undir lítil og einangruð kerfi því það kerfi byggði við ýmis svipuð vandamál þótt það væri ekki einangrað. Loks lýsti fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar yfir að undanþágurnar næðu ekki til kafla tilskipunarinnar um framleiðslu þar sem það væri mat framkvæmdastjórnarinnar að þær sköpuðu ekki vandræði fyrir rekstur lítilla og einangraðra kerfa.

Með bréfi, dags. 1. febrúar 1996, lýstu EES EFTA ríkin helstu áhyggjum sínum varðandi efni tilskipunarinnar. Í bréfinu er lögð áhersla á að raforkukerfi Íslands sé lítið og án tenginga við önnur kerfi. Þessu til viðbótar sé raforkuþörf nætt með orku frá endurnýjanlegum orkulindum og að almenn raforkuþörf aukist mjög hægt. Taka þurfi á slíkum séraðstæðum í köflum um framleiðslu, flutningskerfi og skipulag aðgangs að raforkukerfum.

Í fundarfrásögn EFTA skrifstofunnar dags. 29. mars 1996 kemur fram að fulltrúi Íslands hafi vísað til skýrslu Evrópuþingsins um lítil og einangruð kerfi, sérstaklega þar sem kallað er eftir sérstökum úrræðum til að vernda framleiðendur orku frá endurnýjanlegum orkulindum og óskaði eftir skoðun framkvæmdastjórnarinnar á þessu atriði. Þá óskaði fulltrúi Íslands eftir stöðu viðræðna ráðsins um lítil og einangruð kerfi. Í svari fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar kemur fram að í vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri þörf sérstakrar meðhöndlunar. Þrátt fyrir þetta hafi ráðið lagt til undanþágur frá tilteknum ákvæðum tilskipunarinnar vegna lítilla og einangraðra kerfa. Þessi undanþága, sem væri að finna í 3. mgr. 24. gr., hafi verið staðfest á fundi ráðsins. Grípa þyrfti til aðgerða til að vernda þá sem framleiða orku með endurnýjanlegum orkugjöfum eftir öðrum leiðum.

Í fundarfrásögn EFTA skrifstofunnar dags. 28. maí 1996 kemur fram að formaður vinnuhóps EFTA hafi ítrekað sérstakar kringumstæður í tengslum við lítil og einangruð kerfi.

Hinn 15. febrúar 1997 sendi iðnaðarráðuneytið tilskipun 96/92 til Samorku, Landsvirkjunar, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Rafmagnsveitna ríkisins, Hitaveitu Suðurnesja, Orkubús Vestfjarða og Orkustofnunar og óskaði eftir því að þessir aðilar kynntu sér efni tilskipunarinnar og aðstoðuðu við að móta afstöðu íslenskra stjórnvalda til hennar. Hinn 26. febrúar s.á. hélt ráðuneytið samráðsfund með fulltrúum þessara aðila. Hinn 7. maí 1997 hélt ráðuneytið svo kynningarfund með fulltrúum íslenskra orkufyrirtækja vegna tilskipunarinnar. Fundinn sat Peter Faross einn helsti sérfræðingur framkvæmdastjórnarinnar í tilskipun 96/92.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 21. maí 1997 leitaði ráðuneytið eftir álit Samorku, Orkustofnunar og ýmissa orkufyrirtækja á því hvort sýnileg vandkvæði væru á að fella tilskipunina inn í EES samninginn og að ákvæði hennar næðu til Íslands. Í erindi Samorku, dags. 17. júlí 1997 koma fram spurningar og ábendingar varðandi II., III. og VIII. kafla tilskipunarinnar en í niðurlagi bréfsins segir að ljóst sé að tilskipunin muni hafa verulegar breytingar í för með sér fyrir íslensk raforkufyrirtæki og því þurfi að ætla hæfilegan aðlögunartíma og þess vænst að íslensk stjórnvöld setji slíkan fyrirvara. Loks segir að ljóst sé að breyta þurfi íslenskum lögum og setja reglugerðir til þess að hin ýmsu ákvæði tilskipunarinnar nái tilgangi sínum. Við þá vinnu muni ýmis álitafni koma upp og megi segja að þýðing þess að fella tilskipunina inn í EES samninginn ráðist að verulegu leyti af þeirri framkvæmd. Leggur Samorka því ríka áherslu á að orkufyrirtækin í landinu taki þátt í þeirri vinnu. Í erindi Orkustofnunar, dags. 9. júlí 1997 kemur fram sú niðurstaða Orkustofnunar að ekki séu vandkvæði á því að tilskipunin nái til Íslands með að fella hana inn í EES samninginn. Bendir Orkustofnun á að gaumgæfa þurfi hvort eða hvaða fyrirvara kunni að vera rétt að gera vegna 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar.

Í minnisblaði iðnaðarráðherra til ríkisstjórnar í apríl 1998 kemur fram að fjallað hafi verið um tilskipunina á fundum EFTA og framkvæmdastjórnarinnar og að framkvæmdastjórnin telji að tilskipunin eigi að gilda á öllu EES svæðinu og að Norðmenn hafi tekið undir þetta sjónarmið. Í minnisblaðinu kemur jafnframt fram að á

meðan tillagan hafi verið í undirbúningi bæði hjá framkvæmdastjórninni, ráðherraráðinu og Evrópuþinginu hafi af hálfu Íslands verið bent á sérstöðu landsins, m.a. að raforkukerfið sé ekki tengt kerfum annarra ríkja og að öll raforka hér á landi sé unnin með endurnýjanlegum orkulindum. Þessi sérstaða kynni að hafa í för með sér erfiðleika við að koma tilskipuninni til framkvæmda hér á landi. Eftir ítarlega skoðun, umsögn Orkustofnunar og Samorku og viðbrögð framkvæmdastjórnarinnar við ýmsum athugasemdum og spurningum telji iðnaðarráðuneytið eðlilegt að tilskipunin yrði felld inn í EES-samninginn. Ráðuneytið telji þó æskilegt að Ísland fái lengri frest til að koma tilskipuninni til framkvæmda og muni óska eftir tveggja ára aðlögunarfresti. Sömu leiðis telji ráðuneytið rétt að óska eftir yfirlýsingu framkvæmdastjórnarinnar um að unnt verði að sækja um undanþágu frá tilteknum ákvæðum tilskipunarinnar ef umtalsverð vandkvæði verða í rekstri raforkukerfisins. Í minnisblaðinu kemur fram að á fundi með fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar 20. apríl 1998 sé stefnt að því að gera grein fyrir þessari afstöðu Íslands og í framhaldi af því taki sameiginlega EES-nefndin væntanlega ákvörðun um að fella tilskipunina inn í EES-samninginn. Í minnisblaðinu var óskað álits ríkisstjórnarinnar á þessari málsmeðferð.

Í fundarfrásögn EFTA skrifstofunnar frá fundi 20. apríl 1998 kemur fram að fulltrúi Íslands hafi gert grein fyrir ofangreindri afstöðu ríkisstjórnarinnar.

6. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/1999

Hinn 26. nóvember 1999 var tilskipun 96/92/EB felld inn í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/1999 með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Tilskipunin öðlast gildi á EES-svæðinu [REDACTED] Á grundvelli k-liðar 1. gr. ákvörðunarinnar fékk Íslands tveggja ára viðbótarfrest til innleiðingar á ákvæðum tilskipunarinnar.

Í j-lið 1. gr. ákvörðunarinnar er kveðið á um að að orðunum „Ísland og Liechtenstein“ verði bætt við lokamálslið 3. mgr. 24. gr. Gagnvart EES EFTA-ríkjunum var greinin því svohljóðandi:

Aðildarríki sem geta sýnt fram á, eftir að þessi tilskipun hefur öðlast gildi, að umtalsverð vandkvæði séu á rekstri lítilla einangraðra kerfa þeirra, geta sótt um undanþágur frá þeim ákvæðum IV., V., VI. og VII. kafla sem máli skipta, og er framkvæmdastjórninni heimilt að veita þeim þessar undanþágur. Framkvæmdastjórnin tilkynnir aðildarríkjunum um þessar umsóknir áður en hún tekur ákvörðun, að teknu tilliti til trúnaðarkröfunnar. Ákvörðunin skal birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna. Þessi málsgrein gildir einnig um Lúxemborg, Ísland og Liechtenstein.

Undanþáguheimild 3. mgr. 24. gr. tilskipunar 96/92 vegna lítilla og einangraðra kerfa átti því einnig við um Ísland að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram kom í 3. mgr. 24. gr., þrátt fyrir að Ísland félli ekki undir almenna skilgreiningu tilskipunarinnar um lítil og einangruð kerfi. Í meðfylgjandi greinargerð Helgu Melkorku Óttarsdóttur lögfræðings, sem birtist sem viðauki 3 við skýrslu nefndar iðnaðarráðherra um stofnun Landsnets í febrúar 2002, er fjallað um hugsanlegar undanþágur frá tilskipuninni fyrir Ísland. Í greinargerðinni kemur fram að gert sé ráð fyrir möguleikum á undanþágum frá ákvæðnum ákvæðum, annars vegar vegna skuldbindinga sem stofnað var til fyrir

gildistöku tilskipunarinnar og hins vegar ef veruleg vandkvæði eru á lögfestingu hennar í litlum og einangruðum kerfum. Í greinargerðinni segir að ekki sé lagt endanlegt mat á það hvort slíkar undanþágur fengjust ef um þær væri sótt, en það sé lagt í hendur hvers ríkis fyrir sig að sýna fram á og sanna að veruleg vandkvæði séu á því að heimfæra ákvæði tilskipunarinnar upp á það kerfi sem fyrir er. Þá kemur fram að verulegar líkur verði að teljast á því að ákvæðunum verði sparlega beitt, m.a. þar sem yfirleitt er viðurkennt að undanþáguákvæði skuli túlka þröngt. Þá beri einnig til þess að líta að flest ESB ríkin hafi innleitt ákvæði tilskipunarinnar í lög án mikilla vandkvæða eða nokkurra undanþága.

7. Frumvarp til raforkulaga

Í athugasemdum með frumvarpi til raforkulaga, sem lagt var fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi, 2002-2003 og samþykkt sem lög frá Alþingi 15. mars 2003 segir m.a.: *Eins og fram kemur í kafla 1.1. varð tilskipunin hluti af EES-samningnum með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/1999 um breytingu á viðauka IV við EES-samninginn. Í ákvörðuninni fékk Ísland tveggja ára aðlögunarfrest til að innleiða tilskipunina. Þá fékk Ísland sömu möguleika og lítil einangruð svæði til að sækja um undanþágu frá 4., 5., 6. og 7. kafla tilskipunarinnar, þ.e. öðrum köflum hennar en líta að raforkuvinnslu. Slík undanþága er aðeins möguleg ef sýnt er fram á að veruleg vandkvæði séu á lögfestingu þessara tilteknu ákvæða tilskipunarinnar. Nánari grein er gerð fyrir þessu efni í skýrslu nefndar um stofnun Landsnets sem gefin var út af iðnaðarráðuneytinu í febrúar árið 2000, bls. 102-105.*

Í fyrri frumvörpum um sama mál var ekki fjallað með jafn ítarlegum hætti um þessar undanþágur. Virðist af umfjöllun í athugasemdum um lítil og einangruð kerfi að misskilnings hafi gætt um gildissvið þessara undanþága. Í umræðum um frumvarpið á Alþingi 30. janúar 2003 tók þáverandi iðnaðarráðherra af allan vafa um þetta atriði, en hann sagði m.a.: „En eins og við höfum rætt áður á hv. Alþingi veitir tilskipunin vissulega ákveðið svigrúm. En það sem er þó algjört grundvallaratriði í henni er að ekki eru gefnar undanþágur frá frelsi varðandi vinnsluna. Það hefur engin þjóð fengið. Eftir að hafa átt fund með fulltrúum Evrópusambandsins og farið yfir málið var það algjörlega skýrt að aldrei hefði verið hægt að fá undanþágu frá þeim þætti. Hins vegar höfðum við ákveðið svigrúm sem lítið einangrað raforkukerfi til að fá hugsanlega undanþágu frá ýmsum þáttum, þ.e. ef það væri þannig að við ættum í erfiðleikum með að innleiða þá þætti. Hins vegar fengum við það skriflegt frá Orkustofnun fyrir nokkrum árum að ekki væri erfiðleikum bundið fyrir Ísland að innleiða þá þætti málsins og ég er alveg sammála þeirri niðurstöðu Orkustofnunar. Ég tel ekki að þetta mál sé þannig vaxið að það sé sérstökum erfiðleikum bundið fyrir okkur Íslendinga að innleiða þessa tilskipun. Þess vegna er ég mjög sátt við frv. sem nú liggur frammi og vonast til þess að það fái hér bærilegar viðtökur.“

Þessu til viðbótar má benda á að í minnisblaði iðnaðarráðherra til þingflokksformanna stjórnarflokkanna, dags. 25. nóvember 2002, í kjölfar kynningar á frumvarpi til raforkulaga er fjallað um lágmarkskröfur tilskipunar 96/92/EB. Í minnisblaðinu segir m.a.: „Þá skal tekið fram að samkvæmt 3. mgr. 24. gr. tilskipunarinnar og ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar um yfirtöku tilskipunarinnar, getur Ísland, sýni ríkið fram á að umtalsverð vandkvæði séu á rekstri raforkukerfisins, sótt um undanþágur frá þeim

ákvæðum IV., V., VI og VII. kafla tilskipunarinnar sem máli skipta. Um slíka undanþágu ætti að sækja til Eftirlitsstofnunar EFTA.“

III. Tilskipun 2003/54 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2005

1. Almenn

Tilskipun 2003/54/EB felur í sér einstaka breytingar frá tilskipun 96/92/EB, einkum varðandi opnun markaða og aðskilnað samkeppnis- og einokunarþátta í rekstri raforkufyrirtækja. Tilskipunin mun kalla á smávægilegar breytingar á raforkulögum, nr. 65/2003, enda lagðar til breytingar er falla innan þeirrar meginstefnu sem mörkuð var með tilskipun 96/92/EB en horfa til bóta í ljósi þeirrar reynslu sem fengin er af framkvæmd hennar. Einna helst má nefna að tilskipunin felur í sér skýrari ákvæði um aðskilnað rekstrarþátta dreifiveitna. Einnig má nefna að tilskipunin skyldar ríki til að tryggja að öll fyrirtæki eigi rétt á að velja sér framleiðanda frá og með 1. júlí 2004 en slíkur réttur nái til allra notenda raforku frá 1. júlí 2007.

2. Ákvæði tilskipunarinnar um lítill og einangruð kerfi

Í 26. tölul. 2. gr. tilskipunarinnar eru lítill og einangruð kerfi skilgreind sem kerfi þar sem notkun er innan við 3000 GWst. á árinu 1996, og þar sem innan við 5% ársnotkunar eru fengin með samtengingu við önnur kerfi. Í 27. tölul. 2. gr. er að finna nýmæli en þar eru einangruð örkerfi skilgreind sem kerfi þar sem notkun er innan við 500 GWst. á árinu 1996, og sem ekki eru samtengd við önnur kerfi.

3. Undanþáguákvæði tilskipunar 2003/54

Í 26. gr. tilskipunarinnar er fjallað um undanþágur frá ákvæðum tilskipunarinnar. Undanþágurnar eru þrjú, í fyrsta lagi undanþágur vegna lítilla og einangraðra kerfa, í öðru lagi undanþágur vegna einangraðra örkerfa og í þriðja lagi tímabundnar undanþágur vegna tæknilegra vandkvæða á að opna markaði fyrir tilteknum afmörkuðum hópi viðskiptavina, sem ekki kaupa til heimilisnota. Þá er í lokamálslið 15. gr. tilskipunarinnar kveðið á um að aðildarríkjum sé heimilt að ákveða að beita ekki ákvæðum 15. gr. um sundurgreiningu dreifikerfisstjóra gagnvart sambættum raforkufyrirtækjum, sem þjóna færri en 100.000 tengdum viðskiptavinum, eða þjóna litlum, einangruðum kerfum. Loks er í 8. mgr. 3. gr. kveðið á um heimildir aðildarríkja til að beita ekki ákvæðum 6., 7., 20. og 22. gr. að því leyti, sem beiting þeirra hindrar að raforkufyrirtæki geti sinnt þeim skyldum sem á þau eru lagðar í þágu almennra, efnahagslegra hagsmuna.

a) Undanþáguheimild vegna lítilla og einangraðra kerfa (1. mgr. 26. gr.)

Í 1. mgr. 26. gr. tilskipunarinnar er nú fjallað um möguleika á undanþágum frá ákvæðum IV., V., VI. og VII. kafla hennar vegna lítilla og einangraðra kerfa. Þessi hluti 1. mgr. 26. gr. er samhljóða 3. mgr. 24. gr. tilskipunar 96/92/EB. Sömu sjónarmið eiga því við um þennan hluta þessarar málgreinar og fram koma hér að framan varðandi 3. mgr. 24. gr. tilskipunar 96/92/EB.

Í meðfylgjandi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. september 2006, er Kypur veitt tímabundnar undanþágur frá b- og c-lið 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2003/54/EB um opnun markaða. Í ákvörðuninni kemur fram að undanþágurnar megi afturkalla ef verulegar breytingar verði á raforkukerfi Kypur. Þá er kveðið á um skyldu Kypur til að

fylgjast með þróun raforkukerfisins og að tilkynna framkvæmdastjórninni um allar verulegar breytingar, sérstaklega um ný framleiðsluleyfi, nýja aðila á markaði, verðbreytingar og ný fjárfestingaráform sem geti kallað á endurskoðun ákvörðunarinnar. Þessu til viðbótar er Kýpur gert að skila framkvæmdastjórninni skýrslu á tveggja ára fresti um gjaldskrár og verðlagningarstefnu ásamt aðgerðum ætluðum til verndar neytendum í ljósi undanþágunnar.

Í meðfylgjandi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. nóvember 2006, eru Möltu veittar undanþágur frá IV. kafla, 1. mgr. 20. gr. og 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2003/54/EB. Í ákvörðuninni kemur fram að undanþágurnar megi afturkalla ef verulegar breytingar verði á raforkukerfi Möltu. Þá er kveðið á um skyldu Möltu til að fylgjast með þróun raforkukerfisins og að tilkynna framkvæmdastjórninni um allar verulegar breytingar, sérstaklega um ný framleiðsluleyfi, nýja aðila á markaði, verðbreytingar og ný fjárfestingaráform sem geti kallað á endurskoðun ákvörðunarinnar. Þessu til viðbótar er Möltu gert að skila framkvæmdastjórninni skýrslu á tveggja ára fresti um gjaldskrár og verðlagningarstefnu ásamt aðgerðum ætluðum til verndar neytendum í ljósi undanþágunnar.

b) Undanþáguheimild vegna einangraðra örkerfa (1. mgr. 26. gr.)

Í 1. mgr. 26. gr. segir að auk þeirra undanþáguheimilda sem kveðið er á um vegna lítilla og einangraðra kerfa sé unnt að sækja um undanþágu frá III. kafla tilskipunarinnar, varðandi endurnýjun, uppfærslu og aukningu flutningsgetu, vegna einangraðra örkerfa. Sem fyrr þarf að sækja um heimild til framkvæmdastjórnarinnar til undanþágu á grundvelli þessa ákvæðis enda gerð krafa um að aðildarríki sýni fram á, eftir að tilskipunin hefur öðlast gildi, að umtalsverð vandkvæði séu á rekstri lítilla og einangraðra kerfa þeirra.

Í meðfylgjandi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. desember 2004 er Portúgal, vegna Azoreyjaklasans sem einangraðs örkerfis, veitt undanþága frá IV., V., VI. og VII. kafla tilskipunar 2003/54/EB, auk undanþágu frá III. kafla varðandi endurnýjun, uppfærslu og aukningu flutningsgetu. Undanþágurnar eru ótímabundnar en geta verið endurskoðaðar af framkvæmdastjórninni ef verulegar breytingar verða á raforkukerfi Azoreyja. Raforkueftirlitsaðila Portúgals er falið að fylgjast með þróun raforkukerfis Azoreyja og tilkynna framkvæmdastjórninni allar verulegar breytingar sem geta kallað á endurskoðun undanþágunnar.

Í meðfylgjandi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 23. maí 2006 er Portúgal, vegna Madeira eyjaklasans sem einangraðs örkerfis, veitt undanþága frá IV., V., VI. og VII. kafla tilskipunar 2003/54/EB, auk undanþágu frá III. kafla varðandi endurnýjun, uppfærslu og aukningu flutningsgetu. Undanþágurnar eru ótímabundnar en geta verið endurskoðaðar af framkvæmdastjórninni ef verulegar breytingar verða á raforkukerfi Madeira. Raforkueftirlitsaðila Portúgals er falið að fylgjast með þróun raforkukerfis Madeira og tilkynna framkvæmdastjórninni allar verulegar breytingar sem geta kallað á endurskoðun undanþágunnar.

c) Undanþáguheimild vegna tæknilegra vandkvæða við opnun markaða (2. mgr. 26. gr.)

Í 2. mgr. 26. gr. tilskipunarinnar er fjallað um möguleika á tímabundinni undanþágu frá ákvæði b-liðar 1. mgr. 21. gr. um markaðsöppun. Með raforkulögum nr. 65/2003 var ákveðið að opna raforkumarkað á Íslandi að fullu frá og með 1. janúar 2006. Þessi undanþága hefur því enga þýðingu fyrir Ísland.

d) Undanþága frá kröfu 15. gr. um aðskilnað einkaleyfis- og samkeppnisþátta

Í 1. og 2. mgr. 15. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um að bæði flutningur og dreifing skuli rekin af sjálfstæðum lögaðilum sem ekki mega hafa með höndum aðra starfsemi. Í lokamálslið 15. gr. er að finna undanþáguheimildir frá þessari meginreglu. Annars vegar er kveðið á um að heimilt sé að beita ekki 1. og 2. mgr. gagnvart samþættum raforkufyrirtækjum, sem þjóna færri en 100.000 tengdum viðskiptavinum. Hins vegar gildir undanþágan einnig fyrir þá sem þjóna litlum og einangruðum kerfum. Samkvæmt orðalagi lokamálsliðar 15. gr. er það á valdi aðildar- og samningsríkja að ákveða hvort þessum undanþágum er beitt og er ákvörðun um slíkt ekki háð samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

e) Undanþága vegna skyldna raforkufyrirtækja (8. mgr. 3. gr.)

Í 8. mgr. 3. gr. er að finna nýja undanþáguheimild. Svo sem henni er breytt með b- og c-liðum 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2005 er kveðið á um að aðildarríkjum sé heimilt að ákveða að beita ekki ákvæðum 6., 7., 20. og 22. gr. að því leyti sem beiting þeirra hindrar, að lögum eða í reynd, að raforkufyrirtækin geti sinnt þeim skyldum sem á þau eru lagðar í þágu almennra, efnahagslegra hagsmuna og svo framarlega sem það kæmi ekki niður á þróun viðskipta þannig að það gangi þvert á hagsmunum samningsaðilanna. Samkvæmt tilskipuninni og 59. gr. EES-samningsins liggja hagsmunir samningsaðilanna m.a. í samkeppni með tilliti til óbundinna viðskiptavina. Tilvitnaðar greinar fjalla um málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukinni framleiðslugetu, útboð vegna nýrrar framleiðslugetu, aðgangi þriðju aðila og beinar línur.

Í fræðsluefni um EES-samninginn og framkvæmd hans kemur fram að 59. gr. EES-samningsins inniheldur 3 reglur. Í 1. mgr. segir að eigi í hlut opinber fyrirtæki og fyrirtæki, sem aðildarríki ESB eða EFTA-ríki veita sérstök réttindi eða einkarétt, skuli samningsaðilar tryggja að hvorki séu gerðar né viðhaldið nokkrum þeim ráðstöfunum sem brjóta í bága við reglur EES-samningsins, einkum reglur sem kveðið er á um í 4. gr. og 53 - 63. gr. Í 2. mgr. segir, að reglur EES-samningsins, einkum reglurnar um samkeppni, gildi um fyrirtæki, sem falið er að veita þjónustu, en hafi almenna efnahagslega þýðingu eða séu í eðli sínu fjáröflunareinkasölur, að því marki sem beiting þeirra kemur ekki í veg fyrir að þær geti að lögum eða í raun leyst af hendi þau sérstöku verkefni sem þeim eru falin. Þróun viðskipta má ekki raska í þeim mæli, að það stríði gegn hagsmunum samningsaðilanna. Í 3. mgr. segir að Framkvæmdastjórn ESA og Eftirlitsstofnun EFTA skuli hvor innan síns valdsviðs tryggja að ákvæði þessarar greinar sé beitt og gera, eftir því sem þörf krefur, viðeigandi ráðstafnair gagnvart þeim ríkjum sem eru á svæðum hvorrar um sig.

Þá segir að ákvæði 59. gr. EES-samningsins séu byggð á málamiðlun milli þeirra aðildarríkja ESB sem frá fornu fari höfðu rekið ýmis konar opinber fyrirtæki með

einokunarleyfi annars vegar og grundvallarreglunni um fjórfrelsið ásamt frjálsri samkeppni hins vegar.

Framkvæmdastjórn ESB hefur notað vald sitt til þess að gefa út tilskipanir sem takmarka athafnir einokunarfyririrtækja. Hafa þær haft veruleg áhrif og ekki síður sú aðferð framkvæmdastjórnarinnar að þrýsta á ráðherraráðið til að draga úr einokun með því að minna á tilskipanavald sitt. Síðasta dæmið um þetta er nýsett ráðstíðskipun um frjáls raforkuviðskipti, en þar var yfirvofandi tilskipunarsetning framkvæmdastjórnarinnar, hefðu ráðherrarnir ekki komist að samkomulagi um opnun raforkumarkaðarins í áföngum fyrir frjálsri samkeppni raforkufyrirtækja.

4. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2005

Hinn 2. desember 2005 var tilskipun 2003/54/EB felld inn í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2005 með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Stjórnskipulegum fyrirvara hefur ekki verið aflétt en fyrir Alþingi liggur tillaga utanríkisráðherra til þingsályktunar um að ríkisstjórninni verði heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun 146/2005.

Í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um tilskipunina er að finna tvö aðlögunarákvæði sem varða Ísland sérstaklega. Í f-lið 2. tölul. 1. gr. ákvörðunarinnar er tekið fram að í lok síðasta málsliðar 1. mgr. 26. gr. tilskipunarinnar bætast orðin „og Ísland“. Gagnvart EES EFTA ríkjunum hljóðar málsgreinin því svo:

Aðildarríki, sem geta sýnt fram á, eftir að þessi tilskipun hefur öðlast gildi, að umtalsverð vandkvæði séu á rekstri lítilla, einangraðra kerfa þeirra, geta sótt um undanþágur frá þeim ákvæðum IV., V., VI. og VII. kafla sem máli skipta, auk III. kafla þegar um er ræða einangruð örkerfi, að því er varðar endurnýjun, uppfærslu og aukningu flutningsgetu, sem fyrir hendi er, og er framkvæmdastjórninni heimilt að veita þeim þessar undanþágur. Framkvæmdastjórnin tilkynnir aðildarríkjunum um þessar umsóknir áður en hún tekur ákvörðun, að teknu tilliti til trúnaðarkröfunnar. Ákvörðunin skal birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Þessi grein gildir einnig um Lúxemborg [og Ísland].

Í h-lið 2. tölul. 1. gr. ákvörðunarinnar segir: „Ísland telst lítið einangrað kerfi í skilningi 26. mgr. [26. tölulið] 2. gr. Af þeim sökum gildir undanþágan sem mælt er fyrir um í 15. gr.“

5. Afstaða ráðuneytisins til undanþáguheimildar 15. gr.

Í meðfylgjandi bréfi iðnaðarráðuneytisins vegna erindis Orkustefnunefndar Reykjavíkurborgar kemur fram að við undirbúning að því að fella tilskipun 2003/54/EB inn í EES samninginn hafi ráðuneytið gert ráð fyrir að undanþágu lokamálsliðar 15. gr. tilskipunarinnar verði nýtt þegar ákvæði tilskipunarinnar verða tekin í lög hér á landi. Engin breyting hefur orðið á afstöðu ráðuneytisins hvað þetta varðar.

VI. Samantekt

Tilskipun 2003/54/EB, og áður tilskipun 96/92/EB, hefur að geyma ýmsar undanþágur frá tilteknum köflum og einstökum ákvæðum þeirra. Allar undanþágurnar eru bundnar skilyrðum sem þurfa að vera uppfyllt svo hægt sé að beita þeim. Það er ýmist á valdi

samningsríkja að taka ákvörðun um beitingu þessara undanþága eða á valdi eða Eftirlitsstofnunar EFTA að heimila aðildarríkjum undanþágu.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/1999 um tilskipun 96/92/EB var tryggt að Ísland gæti, eftir að tilskipunin öðlaðist gildi, sótt um þær undanþágur sem kveðið er á um í 24. gr. tilskipunarinnar, bæði almennar (1. og 2. mgr. 24. gr.) og þær er varða lítil og einangruð kerfi sérstaklega (3. mgr. 24. gr.). Með sama hætti hefur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 146/2005, verið tryggt að Ísland geti, eftir að tilskipunin öðlast gildi, beitt og/eða sótt um allar þær undanþágur sem tilskipunin hefur að geyma, utan sérstakrar undanþágu fyrir einangruð örkerfi. Þannig getur Ísland beitt undanþágu 15. gr. tilskipunarinnar bæði á grundvelli þess að samþætt raforkufyrirtæki þjóni færri en 100.000 tengdum viðskiptavinum og eins að þau þjóni litlum og einangruðum kerfum. Þá getur Ísland á grundvelli 1. mgr. 26. gr. sótt um undanþágu frá þeim ákvæðum IV., V., VI. og VII. kafla tilskipunarinnar, sem valda umtalsverðum vandkvæðum í rekstri raforkukerfisins. Það er í höndum Eftirlitsstofnunar EFTA að ákveða hvort skilyrði fyrir þessum undanþágum séu fyrir hendi. Engir frestir, aðrir en varðandi upphafstímamark (eftir gildistöku tilskipunarinnar), gilda um beitingu þessa undanþáguákvæðis og af ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar verður ráðið að unnt er að sækja um undanþágu á grundvelli málsgreinarinnar, ef þörf krefur, til að koma í veg fyrir brot á IV.-VII. kafla tilskipunarinnar. Eftir sem áður þarf að sýna fram á að skilyrði málsgreinarinnar séu uppfyllt.

Ráðuneytið er þeirrar skoðunar að við upptöku gerðanna í EES-samninginn hafi hagsmuna Íslands verið gætt svo sem nokkur kostur var og augljóst sé að Ísland hafi ekki átt þess kost að fá rýmri undanþágur frá tilskipuninni en kveðið er á um í henni sjálfri. Ráðuneytið er jafnframt þeirrar skoðunar að við innleiðingu tilskipunar 96/92/EB með raforkulögum, nr. 65/2003, hafi ekki verið tilefni til að sækja um undanþágur á grundvelli tilskipunarinnar, þar sem fyrir lá sú afstaða Orkustofnunar og orkufyrirtækjanna að engin sérstök vandkvæði væri á innleiðingu hennar önnur en að lengri frest þyrfti til innleiðingar. Fékk Ísland tveggja ára viðbótarinnleiðingarfrest með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Þá er ráðuneytið þeirrar skoðunar að innleiðing tilskipunarinnar hér á landi með raforkulögum hafi ekki haft í för með sér nein þau vandkvæði sem geti orðið grundvöllur þess að Eftirlitsstofnun EFTA heimili Íslandi undanþágu frá þeim köflum tilskipunarinnar sem 1. mgr. 26. gr. kveður á um. Komi hins vegar einhver slík vandkvæði í ljós síðar geti íslensk stjórnvöld á hverjum tíma sótt um undanþágu frá þeim ákvæðum IV., V., VI. og VII. kafla tilskipunarinnar sem vandkvæðum valda. Af ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar virðist mega ráða að slík umsókn til Eftirlitsstofnunar EFTA þyrfti að vera vel rökum studd og ef á slíka umsókn yrði fallist þá yrði heimild til undanþágu líklega bundin við þau atriði tilskipunarinnar sem vandkvæðum valda og aðeins tímabundin.